

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 12. febrúar 2008

**Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar dags. 29. janúar sl., frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 207 - 192. mál, kaup á vændi.**

Ákærendafélag Íslands telur umrædda breytingu á 206. gr. almennra hegningarlaga í því skyni að lýsa refsiverð kaup á vændi, vera refsipólitískt viðfangsefni. Mat á því hversu vel eða illa hefur tekist til með lögtöku sambærilegra úrræða í nágrannalöndunum veltur að nokkru á hver þau markmið voru sem að var stefnt. Val á markmiðum löggjafar hljóta að taka mið af pólitískri stefnumörkun.

Ákærendafélagið telur það ekki sitt hlutverk að taka afstöðu til framangreindra sjónarmiða og hefur því ákveðið að taka ekki beina afstöðu til frumvarpsins, en vill taka fram að ekki er andstaða við lögtöku þess.

F.h. Ákærendafélags Íslands



Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Póstfang:

Ákærendafélag Íslands  
Helgi Magnús Gunnarsson  
Snorrabraut 83  
105 Reykjavík

Sími:

896 4185

Netfang:

[hmg@rls.is](mailto:hmg@rls.is)

Kennitala:

701107-0550